




Varkmenntaskólinn á Akureyri

Hringteigi 2, 600 Akureyri
Sími: 464 0300 - Símbref: 464 0301
Tölvupóstur: vma@vma.is - Vefsíða: www.vma.is



Framhaldsskóli með alþjóðlega gæðavottun

VMA er sá framhaldsskóli í landinu sem býður upp á hvað fjölbreyttast námsframboð. Staðsetning hans á Akureyri og hlutverk hans yfirleitt gerir það að verkum að í hann sækja nemendur víða að. Hér þurfa því að vera sterkar bóknámsdeildir auk vídtæks starfs- og verknáms. Við þurfum að geta tryggt nemendum aðgang að háskóla- eða sérskólanámi að loknu náminu hér ellegar brautskráð þá með starfsréttindi til þess að geta tekið þátt í hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins. Gott samstarf skólans við hin ýmsu samtök atvinnulífsins og fyrirtæki, bæði innan héraðs og utan, er beinlínis skilyrði fyrir því að hann geti menntað nemendur sína með hliðsjón af kröfum vinnumarkaðarins. Þá er skólinn í góðu sambandi við háskóla, bæði innanlands og utan, enda mikils um vert að nemendur þeir sem útskrifast með stúdentspróf uppfylli þær kröfur sem mismunandi háskólar og háskóladeildir gera til þeirra nemenda sem þangað sækja.

VMA hefur nú náð þeim áfanga að hafa hlotið alþjóðlega gæðavottun samkvæmt svonefndum ISO 9001 staðli. Má segja að hvert smáatriði í verklagi skólans, hvort sem er á sviði kennslu eða stjórnunar, sé nú stöðugt metið með hliðsjón af því. Af þessu erum við stolt og lítum við á þetta sem mikla viðurkenningu á því góða starfi sem kennarar og annað starfsfólk innir af hendi.

Það er von mín að lesendur verði margs fróðari um líf og starf í VMA og þær fjölmörgu leiðir sem standa nemendum hans til boða.

Hjalte Jón Sveinsson, skólameistari



Stúdentspróf

Nauðsynlegur undirbúningur fyrir margs konar áframhaldandi nám (flestir háskólar gera kröfu um stúdentspróf).

Þegar nemandi velur brautir og áfanga er skynsamlegt að hafa í huga inntökuskilyrði þeirra háskólabrauta sem stefnan er sett á.



Félagsfræðabraut

Góð almenn undirstaða í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar.

Býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum á sviði félagsvísinda.

Náttúrufræðibraut

Góður undirbúningur fyrir nám á háskólastigi þar sem þörf er á raungreina- og/eða stærðfræðipækkingu.

Viðskipta- og hagfræðibraut

Góð og almenn undirstöðuþekking í bóklegu námi með áherslu á sérsvið viðskipta- og hagfræðigreina.

Býr nemendur undir háskólanám í viðskiptafræðum, hagfræði og skyldum greinum.

Listnámsbraut til stúdentsprófs

Með námi á listnámsbraut er lagður grunnur að frekara námi í listgreinum, í sérskólum eða í skólum á háskólastigi.

Boðið er upp á þrjú kjörsvið: hönnunar- og textilkjörsvið, myndlistarkjörsvið og tónlistarkjörsvið sem kennt er í tónlistarskóla.

Tæknibraut

Tveggja ára tæknibraut er ætluð iðnaðarmönnum og öðrum sem hafa lokið um það bil tveggja ára námi í iðn- eða véltæknigreinum og hyggja á tækninám.

Námið byggist að verulegu leyti á viðbótarnámi í stærðfræði, náttúrufræði og tungumálum til undirbúnings fyrir háskólanám í tæknigreinum.

Viðbótarnám til stúdentsprófs

Nemendur sem stunda nám á 2ja og 3ja ára starfsnámsbrautum geta bætt við sig 1-2 árum og lokið stúdentsprófi.

Nauðsynlegt er að nemendur velji áherslur í náminu sem uppfylla þau skilyrði sem háskóladeildir setja.

Vélstjórnarbraut til stúdentsprófs

Próf af fjórða stigi vélstjórnar jafngildir stúdentsprófi. Nemendur fá tvöfalt brottfararskírteini.

FROST

Kælismiðjan Frost ehf.

Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Stangarhyl 5
110 Reykjavík
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is



Fagmennska í fyrirrúmi!

Á Akureyri rekur EJS öflugt útibú. Þar er starfandi fyrirtækja- og sölusvið, netþjónusta og verkstæði.

Þjónusta EJS nær til allra hliða nútíma upplýsinga- og samskiptatækni s.s. sölu og þjónustu á heimspekkum vél- og hugbúnaði, ráðgjöf, rekstrarþjónustu og hýsingu.

EJS

S. 463 3000 // Tryggvabraut 10 // 600 Akureyri // www.ejs.is



Almenn námsbraut

Skipulögð fyrir nemendur sem þurfa að styrkja stöðu sína áður en þeir innritast á starfsnáms-, bóknáms- eða listnámsbrautir skólans.

Ætlað þeim sem ekki hafa náð þeim árangri í grunnskóla sem nauðsynlegur er til að innritast á aðrar brautir í framhaldsskóla.

Getur nýst þeim nemendum sem eru óráðnir um val á námsbraut, námið er að mestu metið inn á aðrar námsbrautir.

Starfsbraut

Bóklegt og verklegt nám, ætlað nemendum sem ekki geta nýtt sér almennt nám í framhaldsskóla vegna þroskaskerðingar og/eða fötlunar.

Markmiðið er að veita nemendum almennan undirbúning fyrir lífið og búa þá undir þátttöku í atvinnulífinu eða frekara nám eftir því sem kostur er.

Námstími allt að fjögur ár.

Íþróttabraut

Fræðileg og verkleg undirstöðuþekking í kennslu og þjálfun íþrótta barna og unglinga.

Góður undirbúningur fyrir störf að fristundamálum og/eða leiðbeinenda- og þjálfarastörfum í íþróttum.

Möguleiki á viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Viðskiptabraut

Góður undirbúningur fyrir almenn verslunar- og skrifstofustörf.

Möguleiki á viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Matartæknabraut

Matartækni er löggilt starfsgrein á heilbrigðissviði.

Matartæknar vinna við mötuneyti á sjúkrastofnunum og fleiri stöðum og sjá um að skipuleggja og útbúa sérfæði fyrir hópa sjúklinga og viðskiptavini mótuneytanna.

Möguleiki á viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Sjúkraliðabraut

Undirbúningur fyrir hjúkrunar- og umönnunarstörf á sjúkrastofnunum og heimilum.

Löggilding starfsheitis möguleg að loknu námi og fjögurra mánaða starfi á sjúkrastofnun.

Góður grunnur að frekara námi í heilbrigðisfræðum.

Möguleiki á viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Listnám

Nám á listnámsbraut er góður grunnur að frekara listnámi í sérskólum eða háskólum.

Þrjú kjörsvið eru í boði, hönnunar- og textilkjörsvið, myndlistarkjörsvið og tónlistarkjörsvið.

Gert er ráð fyrir að námi á brautinni ljúki með stúdentsprófi.

Vélstjórnarbraut

Nám í þrepum sem veitir mismikil réttindi til vélstjórnar eftir stærð véla og siglingatíma.

Opnar tækifæri til starfa bæði á sjó og landi. Vélstjórnar sjá almennt um stjórn og viðhald véla í skipum og bátum. Einnig færast í vöxt að vélstjórnar hafi umsjón með vélbúnaði í iðn- og orkufyrirtækjum.

Námi í vélstjórn lýkur jafnframt með stúdentsprófi.



MÁLAÐU Í ÖLLUM LITUM





Það sem ég vildi sagt hafa...

Árangur í námi skiptist í þrennt: 10% hæfileikar og gáfur, 35% ástundun og vinna og 55% traustar og vandaðar skólavörur. Ekki kasta framtíð þinni á glæ. Veldu það sem þér er fyrir bestu.

A4 – fyrsta flokks skólavörur

Glerárgötu 34 Akureyri • Borgartúni 29 • Höfðabakka 3
 Iðuhúsinu • Smiðjuvegi 5 • Dalvegi 18 • Ögurharfi 2
 Aðalstræti 27 Ísafirði • www.a4.is





Endurvinnslutunnnan

Græn bylting í umhverfismálum!

- Sjó flokkar af endurvinnanlegum efnum í sömu tunnu
- Góð þjónusta og örugg endurvinnsla
- Taktu þátt í grænu byltingunni

Hringdu í síma 414 0200 og pantaðu þína Endurvinnslutunnu

Sjáið kynningarmyndband á www.endurvinnslutunnnan.is



GAMARJÓNUSTA
 NÖRDLANDS EHF.
 BÆTT UMHVÆRFI - BETRI FRAMTÍÐ

Fjölísögðu 4a • 603 Akureyri • Sími 414 0200
nordurland@gamar.is • www.gamar.is

Iðnnám

VMA býður upp á nám í nokkrum löggiltum iðngreinum en slíkt nám tekur að jafnaði fjögur ár sem skiptast á milli skóla og vinnu hjá iðnmeistara, mismunandi eftir iðngreinum. Í löggiltum iðngreinum lýkur námi með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í viðkomandi iðn og inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs. Eftir iðnnám gefst nemendum tækifæri til að ljúka stúdentsprófi sem veitir rétt til háskólanáms.

Nám í iðngreinum felst í almennum undirbúningi í grunnnámi og sérhæfingu þegar nemandi hefur valið sérgrein.

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina, 1 önn
Grunnnám mál- og véltæknigreina, 2 annir
Grunnnám rafiðna, 4 annir
Grunnnám matvæla- og veitingagreina, 2 annir

Um nám í öðrum iðngreinum en þeim sem eru taldar upp hér að neðan, svo sem dúklögn, múrsmíði, veggfóðrun, rennismíði, bakaraíðn, rafeindavirkjun og sýningastjórn vísast til iðnmeistara og kennslustjóra í VMA.

Bygginga- og mannvirkjagreinar

Sameiginlegt grunnnám í eina önn og svo er hægt að fara mismunandi leiðir.

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Málaraíðn
- Pípulagnir

Málmiðngreinar og véltæknigreinar

Sameiginlegt grunnnám í tvær annir og svo er hægt að fara mismunandi leiðir.

- Bifvélavirkjun
- Blikksmíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Vélstjórnarnám (sjá bls. 5)

Rafiðngreinar

Sameiginlegt grunnnám í fjórar annir og svo er hægt að fara mismunandi leiðir.

- Rafvirkjun

Matvæla- og veitingagreinar

Sameiginlegt grunnnám í tvær annir og svo er hægt að fara mismunandi leiðir.

- Framreiðsla
- Kjötiðn
- Matreiðsla
- Matartæknánám (sjá bls. 5)

Hársnyrtiðn

Boðið verður upp á sérnám í hársnyrtiðn haustið 2008. Nemendur þurfa að hafa lokið að minnsta kosti 30 einingum í almennum greinum og bóklegum sérgreinum.

Fjarkennsla VMA

- Gefur þeim kost á námi sem ekki geta stundað það á hefðbundinn hátt
- Fer fram með tölvusamskiptum, nýjungar í tækni nýttar eins og kostur er
- Nemendur búsettir á Íslandi og erlendis
- Mögulegt að stunda fjarnám nánast hvaðan sem er ef fyrir hendi er grunnbúnaður til tölvusamskipta



Margs konar þjónusta við nemendur

- Bókasafn
- Tölvuver
- Námsráðgjöf
- Heimavist
- Mötuneyti
- Hjúkrunarfræðingur
- Virk umsjón með nemendum

Nokkrar góðar ástæður...

Fjölbreytilegt námsframboð

Áhersla á verknám, listnám og bóknám

Áfangakerfi gerir nemendum kleift að ákveða sjálfir hraða námsins, sníða það að eigin aðstæðum, sveigjanleiki til breytinga

Mögulegt að velja saman nám af fleiri en einni braut

Margar mögulegar námsleiðir

Líflegt og þroskandi félagslíf þar sem allir geta fundið áhugamálum sínum og hæfileikum farveg

Heimavist fyrir nemendur

Námsráðgjöf


Mötuneyti

Foreldrafélag og gott samstarf skólans við forráðamenn nemenda

Vel haldið utan um fyrsta árs nemendur

Vel búið bókasafn og tölvuver

Verið velkomin
í kaffiteríu VMA



LOSTÆTI

Veislu- og veitingaþjónusta

List fyrir lyst

www.lostaeti.is

IDNVÉLAR

Hvaleyrarbraut 20 • 220 Hafnarfjörður • S: 414 2700

www.idnvelar.is • idnvelar@idnvelar.is

LJÓSGJAFINN

Okkar helstu tækisvið eru:

SIEMENS

Tilheyrir fjölskyldunni

Bændaþjónusta | Heimilistækjaviðgerðir | Loftnet og gervihnattabúnaður | Nýlagnir | Rafeindaverkstæði | Símkarfi
tölvulagnir | lækningatæki | Tölvur og netkerfi | Virkjanir og töflusmíði | Öryggiskerfi | Föst þjónustuverkefni

Glerárgötu 34 • Sími 460 7788 | ljosgjafinn@ljosgjafinn.is | www.ljosgjafinn.is | Raðgreiðslur

Lífið í Verkmenntaskólanum á Akureyri

Nemendafélag skólans heitir Þórduna. Líflegt félagslíf með fjölbreytilegri klúbbastarfsemi og fjölda stærri og smærri viðburða er orðið eitt af aðalmerkjum skólans. Má til dæmis nefna vímulausa árshátíð og feikivinsæla söngkeppni. Upplýsingar um nemendafélagið er að finna á vef þess, www.thorduna.is.

Heimavist

MA og VMA reka sameiginlega heimavist fyrir 350 nemendur. Hún er vel búin og nýtur mikilla vinsælda enda vel séð fyrir hagsmunum íbúa hennar. Innan heimavistar starfar heimavistar-ráð, sem fjallar um ýmis hagsmunamál íbúa, og í því eiga sæti fulltrúar beggja skóla.




Tryggvabraut 10 • 600 Akureyri • Ísland

Námsbrautir í Verkmenntaskólanum á Akureyri

Almenn braut 1
Almenn braut 2
Starfsbraut
Félagsfræðibraut
Náttúrufræðibraut
Grunnnám matvæla- og veitingagreina
Kjötið
Matartækni
Matreiðsla
Sjúkraliðabraut
Viðskipta- og hagfræðibraut til stúdentsprófs

Íþróttabraut
Viðskiptabraut
Listnámsbraut - myndlistarkjörsvið
Listnámsbraut - hönnunar- og textílkjörsvið
Listnámsbraut - tónlistarkjörsvið
Listnámsbraut til stúdentsprófs
Hársnyrtið
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Húsasmíði
Húsgagnasmíði
Húsamálun
Pípulagnir
Grunnnám rafiðna
Rafvirkjun

Grunnnám mál- og véltæknigreina
Vélstjórnarbraut
Vélvirkjun
Stálsmiði
Blikksmiði
Bifvélavirkjun
Tæknibraut
Nám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi
Meistaránám iðnaðarmanna



Á vef skólans, www.vma.is, eru ítarlegar upplýsingar um námsbrautir, námsáfangar sem í boði eru, kennsluáætlanir, þjónustu skólans og annað sem nauðsynlegt er að vita áður en haldið er til náms í Verkmenntaskólanum á Akureyri og meðan á námi stendur.

Skiptibókamarkaður

Tökum á móti skiptibókum allan ársins hring

Opið

Virka daga 9-22
Helgar 10-22

Allt fyrir námsmanninn ▶

— Námsbækur
— Ritföng
— Skólatöskur
— Ferðatölvur

— Skrifborð
— Skrifborðsstólar
— Orðabækur
— Og svo margt margt fleira

Hafnarstræti 91 - 93
akureyri@eymundsson.is
540 2180

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Egginn frá Gerði eggjabúi hafa fengið vistvæna vottun og eggjabúið hefur heimild til að nota merkið "vistvæn landbúnaðarafurð". Bóndinn uppfyllir því opinbera reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu. Við framleiðslu á vistvænum eggjum er lögð sérstök áhersla á dýravelferð og umhverfistengda þætti.

Þú getur treyst því að við framleiðslu á eggjunum frá Gerði hafa ekki verið notuð óæskileg hjálparefni svo sem hormónar, sterar, fúkkalyf eða önnur lyf. Hæurnar eru ekki hafðar í búrum. Þær geta "vappað" um húsið og baðað sig í tréspónum og sandi að vild. Hænsnadrítið er notað sem áburður á tún og til uppgræðslu. Hæurnar fá sérstaklega

blandað fóður en í því er meira af íslenskum fóðurefnum (gras- og fiskimjöli) en gengur og gerist í sambærilegum fóðurlöndum.



Gerði Eggjabú ehf · Þórmörk · 601 Akureyri · Sími: 462 4501 · Ísland



- Ókeypis í strætó
- Góð kaffihús
- Tvö kvikmyndahús
- Magnað skíðasvæði
- Öflugt íþróttalíf



Akureyribær · Geislagötu 9 · 600 Akureyri

